

# Fornir fimmtudagar og síðbúinn sunnudagur

Hið þingeyyska fornleifafélag, Fornleifastofnun Íslands og Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn standa að gönguferða- og heimsóknadagskrá um minjasvæði í Suður-Þingeyjarsýslu sumarið 2011. Fornleifafræðingar taka á móti gestum á eftirtöldum stöðum þar sem rannsóknir eru í gangi.

## Fimmtudagur 30. júní.

### Kirkjugarðurinn á Hofstöðum í Mývatnssveit .

Kl. 20:30 (1,5 klst.) Hildur Gestsdóttir og félagar taka á móti gestum og leiðsegja um gamla kirkjugarðinn á Hofstöðum. Þar mun þau gera grein fyrir uppgreiftrinum og rannsóknum á beinagrindum sem grafnar hafa verið upp undanfarin ár. Mæting á bílaplani heima við Hofstaði.



Mynd: Howell Magnús Roberts

## Fimmtudagur, 7. júlí (fyrri ganga).

### Ingiríðarstaðir í Þegjandadal.

kl. 14.00 (4-5 klst.) Howell Magnús Roberts deildarstjóri hjá Fornleifastofnun og félagar ganga með gestum um kumlaleiginn á Ingiríðarstöðum sem kann að vera sá stærsti sem fundist hefur hérlandis og er afar athyglisverður. Ath. Gangan tekur u.þ.b. 1,5 klst. hvora leið. Mæting á bílaplanið við Grenjaðarstað

## Fimmtudagur, 7. júlí (seinni ganga).

### Brettingsstaðir - Fornleifaskráning í Laxárdal.

kl. 20.30 (1,5 – 2 klst.) Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir frá Fornleifastofnun Íslands gefa gestum innsýn í fornleifaskráningu og merka sögu Brettingsstaða. Mæting heima við hlið á Brettingsstöðum. Ekið af Mývatnsheiði niður Laxárdal að vestan. Sjá nánari leiðalýsingu á [www.fornleifafelag.is](http://www.fornleifafelag.is) þegar nær dregur.

## Sunnudagur 10. júlí.

### Vísindamiðstöðin í Hafralækjarskóla sótt heim.

kl. 16.00 – 18.00

Nú gefst gestum og gangandi einstakt tækifæri til að kíkja við í Hafralækjarskóla og hitta hópinn sem unnið hefur að fornleifarannsóknum í Þingeyjarsýslu mörg undanfarin ár. Gestum verður boðið að skoða vísindamiðstöðuna sem sett er upp í nokkrar vikur á hverju sumri í Hafralækjarskóla. Boðið verður upp á stutta fyrirlestra með 30 mínútna millibili um ýmis rannsóknarefni (kynnt nánar á staðnum) og myndasýningar verða í gangi. Kaffi á könnunni.



Mynd: David Stort

## Í ágúst.

„Gengið til garðs“ með Árna Einarssyni forstöðumanni Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Undanfarin ár hafa garðlögin fornu á norðurlandi verið kortlögð og rannsökuð af Dr. Árna Einarssyni og fl. Þessi miklu og fornu mannvirki eru víða sjáanleg en óvíða eru þau jafn greinileg og tilkomumikil og á Fljótsheiðinni. Nánar auglýst í byrjun ágúst.

„Kumlaleit“ með Adolphi Friðrikssyni forstöðumanns Fornleifastofnunnar Íslands. Adolf Friðriksson er einn fremsti sérfræðingur landsins á sviði kumlarannsóknna. Óröskuð kuml eru afar torfundin og fágæt en í „kumlaleitinni“ verða þátttakendur fræddir um „staðfræði kumla“, hvar þeirra væri helst að leita og eftir hvaða ummerkjum sé helst að hyggja. Nánar auglýst í byrjun ágúst.

*Allir eru velkomnir í göngurnar sem eru ókeypis. Ekki er þörf á skráningu þátttakenda. Þátttakendur eru hvattir til að vera í góðum skóm, hafa með sér vatnsflösku og flugnanet ef hlýtt er í veðri. Göngustafir eru æskilegir á Brettingsstöðum og til göngu inn Þegjandadal.*

*Frekari upplýsingar er að finna á [www.fornleifafelag.is](http://www.fornleifafelag.is), eða í síma 867 6702 (Sif) eða 894 4594 (Unnsteinn)*

Vinsamlega geymið auglýsinguna.

Hið þingeyyska fornleifafélag, Fornleifastofnun Íslands og Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn

# Samstarfsaðilarnir



HÞF

## Hið Þingeyyska fornleifafélag

var stofnað á Narfastöðum í Reykjadal, haustið 2004 af einstaklingum og stofnunum í héraði. Félagið hefur það að markmiði að efla fornleifarannsóknir og kortlagningu menningarminja í Þingeyjarþingi og skapa styrkar forsendur fyrir menningartengda ferðamennsku í héraði.

Félagið starfar náið með Fornleifastofnun Íslands sem veitir vísindalega ráðgjöf og hefur annast rannsóknir á vegum félagsins. Með tilkomu félagsins skapaðist vettvangur fyrir samstarf ólíkra aðila um vísindalega starfsemi á þessu sviði sem og fyrir áframhaldandi rannsóknir í héraðsfornleifafræði. Með slíkri nálgun er reynt að varpa ljósi á marga minjaflokka á sama svæði til að draga upp mynd af menningu og afkomu fólks á ákveðnu tímasteiði. Rannsóknir á vegum félagsins undanfarin sumur hafa einkum beinst að rannsóknum á fornþýlum, kumlum og þingstöðum en hefur jafnframt staðið fyrir gönguferðum, málþingum og annarskonar fræðslu til almennings. Nánar má fræðast um starfsemi félagsins á vefnum [www.fornleifafelag.is](http://www.fornleifafelag.is)

Stjórn félagsins skipa Unnsteinn Ingason, Ásgeir Böðvarsson og Tryggvi Finnsson.



## Fornleifastofnun Íslands ses

er sjálfseignarstofnun og starfar eftir staðfestri skipulagsskrá. Formleg starfsemi hófst 1995 en margvíslegt rannsóknarstarf hafði áður verið unnið af aðstandendum hennar allt frá árinu 1989. Fornleifastofnun hefur sett sér metnaðarfull rannsóknarmarkmið og er í nánu samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og rannsóknarstofnanir. Starfsmenn

taka þátt í akademískri umræðu sem meðal annars birtist í öflugum útgáfustarfi. Starfsemi Fornleifastofnunar er fjármögnuð með vísindastyrkjum en stofnunin tekur líka að sér þjónustuverkefni ef tryggt er að þau skili vísindalegum niðurstöðum. Stofnunin heldur utan um safn rannsóknargagna og upplýsinga um íslenskar fornleifar (Ísleif) og gefur út alþjóðlegt tímarit um íslenskar fornleifar og skylt efni, Archaeologia Islandica. Einnig er rekinn Fornleifaskóli á vegum stofnunarinnar sem veitir ungu vísindafólki þjálfun í vettvangsrannsóknum og úrvinnslu gagna. Sjá nánar á vef stofnunarinnar [www.instarch.is](http://www.instarch.is)



## Náttúruvísindisstöðin við Mývatn

er ríkisstofnun sem annast rannsóknir á náttúru Mývatns og Laxár og breytingum á henni til að stuðla að verndun þessa einstaka svæðis. Lífríkissveiflur Mývatns hafa verið höfuðviðfangsefni stöðvarinnar frá upphafi, en hún hefur einnig unnið að kortlagningu fornminja, einkum fornra garðlaga, í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands og Hið Þingeyyska fornleifafélag.

Á vef stöðvarinnar eru fluttar daglegar fréttir af starfseminni: <http://www.ramy.is>

# Fornleifar í Þingeyjarsýslum

## Sýning í Safnahúsinu á Húsavík

Sýningin er samstarfsverkefni Safnahússins, Hins Þingeyyska fornleifafélags og Fornleifastofnunar Íslands. Á henni er gefið yfirlit yfir þær umfangsmiklu fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið í héraðinu. Einnig eru sýndir munir sem fundist hafa og sérstaklega er fjallað um hinn merka fornleifafund, bátskumlið á Litlu Núpum.

**Sýningin er opin alla daga 10-17 og stendur fram í september.**



MENNINGARRÁÐ  
EYPINGS

Verkefnið er styrkt af Menningarráði Eypings.